

Hafnarborg:

Einsöngstónleikar

Alda Ingibergsdóttir sópransöngkona heldur tónleika í Hafnarborg í kvöld kl. 20.30. Á efnisskránni eru ljóð eftir íslensk, þýsk og frönsk tón-

skáld, auk þess sem hún syngur áriur. Ólafur Vignir Albertsson er undirleikari hennar á tónleikunum. Alda Ingibergsdóttir er fædd og

uppalin í Hafnarfirði. Hún lauk einsöngvaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 1994. Sama ár hóf hún framhaldsnám við Trinity College of Music í London. Í uppfærslu á vegum skólans hefur Alda sungið hlutverk Paminu í Töfraflautunni og hlutverk Lillian Russel í Mother of Us All þar sem hún hlaut mikið lof. Alda hefur einnig sungið í íslensku óperunni, í uppfærslu óperunnar á Töfraflautunni og Galdra-Lofti.




Alda Ingibergsdóttir ásamt undirleikara sínum, Ólafi Vigni Albertssyni.

Skemmtanir

Gaukur á Stöng

Í kvöld verður á Gauknum léttleikandi stemning með tveimur valinkunnum gítarleikurum, söngvurum og gleðimönnum, Sigurði Gröndal og Eyjólfí Kristjánssyni. Munu þeir fá leynigest í heimsókn. Annað kvöld er það svo hljómsveitin Dead Sea Apple sem skemmtir gestum á Gauki á Stöng.



Woody Harrelson leikur stríðsfréttarara í Sarajevo.

Velkomin til Sarajevo

Welcome to Sarajevo, sem Bíóborgin sýnir, er lauslega byggð á reynslu eins þekktasta stríðsfréttararara Breta. Þegar Michael Henderson kom til Sarajevo var hann ekki búinn undir það sem blasti við honum þótt hann væri ýmsu vanur. Árið er 1992 og borgin, þar sem eitt sinn voru haldnir vetrarólympíuleikarnir og var vinsæll ferðamannastaður, er undir stöðugum árásum af hendi Bosníu-Serba sem umkringja borgina. Þar sem eitt sinn voru veitingastaðir og verslanir eru nú gaddavirgíringar og hláðnir varnargarðar og íbúar borgarinnar svelta. Það sem kannski er

Kvikmyndir

mesta áfallið er að fólk sem eitt sinn bjó í sátt og samlyndi er nú að drepa hvað annað. Í aðalhlutverki í Welcome to Sarajevo er tiltölulega lítt þekktur leikari, Stephane Dillane. Öllu þekktari leikarar eru í aukahlutverkum, má þar nefna Woody Harrelson, Marisa Tomei og Emily Lloyd.

Nýjar myndir:

- Háskólabíó: The Boxer
- Laugarásbíó: Wag the Dog
- Kringlubíó: Midnight in the Garden of Good and Evil
- Saga-bíó: Rocket Man
- Bíóhöllin: The Evening Star
- Bíóborgin: Litla hafmeyjan
- Regnboginn: She's so Lovely
- Stjörnubíó: Korfuboltaundurinn Buddy



Hluti af umhverfisverki Rúrí á Kjarvalsstöðum.

Tvær sýningar


Tvær sýningar hafa nýverið verið opnaðar á Kjarvalsstöðum. Annars vegar er það sýningin Paradísi? Hvenær? sem unnin er af listakonunni Rúrí og hins vegar eru sýnd verk eftir listamanninn Ólaf Eliason. Sýning hans ber yfirskriftina Hinn samsíða garður og ábrar sögur.

Paradísi? Hvenær? er umhverfisverk og framlag listakonunnar til alþjóðlegrar friðarumræðu og dæmi um hvernig listamenn beita innsýn sinni og næmi til að varpa sterku ljósi á samtíma sinn.

Sýningar

Ólafur segir um sýningu sína að verkin séu aðallega innstillingar. „Í mínum huga er listaverkið ekki sjálfir munirnir sem ég set upp heldur það sem gerist í rýminu milli munanna og áhorfandans. Hughrifin sem þar eiga sér stað eru mitt listaverk.“

Þetta er fyrsta einkasýning Ólafs á Íslandi en hann hefur aldrei búið hér á landi. Hann fæddist í Danmörku en hefur búið í Þýskalandi síðastliðin fimm ár. Ólafur er orðinn talsvert þekktur myndlistarmaður erlendis. Eftir að hann lauk námi við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn árið 1995 hefur hann haldið á annan tug einkasýninga beggja vegna Atlantshafsins og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningarnar standa til 13. apríl.



Veðrið kl. 12 á hádegi í gær:

Akureyri	snjóel	-1
Akurnes	slydda	2
Bergstaðir	snjóel	-2
Bolungarvík	alskjýjað	-1
Egilsstaðir	skjýjað	2
Keflavíkurlugv.	léttskjýjað	2
Kirkjubúkl.	léttskjýjað	4
Raufarhöfn	hálfskjýjað	-2
Reykjavík	skjýjað	0
Stórhöfði	léttskjýjað	1
Helsinki	þokumóða	4
Kaupmannah.	skjýjað	9
Oslo	þoka á síð. kls.	6
Stokkhólmur		6
Þórshöfn	léttskjýjað	8
Faro/Algarve	skjýjað	20
Amsterdam	skjýjað	17
Barcelona	skjýjað	16
Chicago	hálfskjýjað	11
Dublin	þokumóða	10
Frankfurt	skjýjað	19
Glasgow	mistur	10
Halifax	þokumóða	6
Hamborg	skjýjað	16
Jan Mayen	skafrenningur	-2
London	rigning	16
Lúxemborg	léttskjýjað	18
Malaga	mistur	16
Mallorca	skjýjað	21
Montreal	alskjýjað	9
Paris	skjýjað	19
New York	hálfskjýjað	15
Orlando	heiðskirt	18
Nuuk	léttskjýjað	-11
Róm	léttskjýjað	17
Vín	léttskjýjað	13
Washington	hálfskjýjað	16
Winnipeg	alskjýjað	-1

Veðrið í dag

Léttskjýjað á Norður- og Austurlandi

Yfir landinu er heldur minnkandi hæðarhyggur. Skammt austur af Hvarfi er 985 mb. lægð sem þokast norðaustur.

Í dag verður sunnankaldi og súld

eða rigning á Vesturlandi en hæg sunnanátt og léttskjýjað norðan og austan til síðdegis. Vægt frost verður á Norðurlandi en annars hiti 1 til 5 stig, mildast suðvestan til á morgun.

Á höfuðborgarsvæðinu verður suðaustangola og smáskúrir eða dálítil slydda fram eftir morgni en suðaustankaldi og súld eða rigning og hiti 1 til 5 stig síðdegis á morgun.

Sólarlag í Reykjavík: 20.13
Sólarupprás á morgun: 6.50
Síðdegisflóð í Reykjavík: 20.13
Árdegisflóð á morgun: 8.38

Listaklúbbur Leikhúskjallarans:

Friðardagskrá

Í kvöld er dagskrá Listaklúbbs Leikhúskjallarans tileinkuð friði í heiminum. Guðrún Helgadóttir rit höfundur flytur stutt ávarp, skáld lesa úr verkum sínum og tríó Tómasar R. Einarssonar leikur af fingrum fram á milli upplestrararíða.

Skáldin sem lesa upp úr verkum sínum eru Einar Ólafsson, Eyvindur P. Eiríksson, Ingibjörg Haralds-

dóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorgeir Þorgeirson og Þorsteinn frá Hamri. Í tríóinu auk Tómasar eru Eypör

Upplestur


Gunnarsson og Jóel Pálsson. Dagskráin hefst kl. 20.30 og kynnir er Halldóra Friðriksdóttir.




Guðrún Helgadóttir flytur ávarp.

Veður á Faxaflóasvæði næstu viku


- samkv. tölum frá Veðurstofu Íslands -



Vindhraði



Úrkoma - á 12 tíma bili



Krossgátan

1	2	3	4	5	6	7
8				9		
10	11					
12		13				
14			15	16		
17		18		19	20	
21						

Lárétt: 1 fela, 6 hrosshúð, 8 iðju-semi, 9 kveinstafi, 10 línir, 12 leit, 13 logar, 14 karlmannsnafn, 15 ósvikin, 17 afkimi, 19 mánuður, 21 tréð.
Lóðrétt: 1 ísskæni, 2 hlýju, 4 fjölg-úðu, 5 lengdarmál, 6 skækjan, 7 ker-öldin, 11 hests, 12 ídýfa, 16 smákorn, 18 klafi, 20 ofn.

Laun á síðustu krossgátu:
Lárétt: 1 skjálfa, 8 örög, 9 ólu, 10 kóf, 11 ærar, 13 nautinu, 15 æðrast, 18 sinu, 20 tíð, 21 trúði, 22 KA.
Lóðrétt: 1 sókn, 2 króaði, 3 jöfur, 4 ágæt, 5 ló, 6 flan, 7 aur, 12 risti, 14 urða, 16 auð, 17 tík, 19 nú.

Gengið

Almennt gengi LÍ 27. 03. 1998 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	72,370	72,740	72,040
Pund	121,190	121,810	119,090
Kan. dollar	51,260	51,580	50,470
Dönsk kr.	10,3790	10,4350	10,4750
Norsk kr	9,5680	9,6200	9,5700
Sænsk kr.	9,1150	9,1650	9,0620
Fl. mark	13,0350	13,1120	13,1480
Fra. franki	11,8040	11,8720	11,9070
Belg. franki	1,9176	1,9292	1,9352
Swiss. franki	48,4200	48,6800	49,3600
Holl. gyllini	35,1000	35,3000	35,4400
Þýskt mark	39,5800	39,7800	39,9200
It. lira	0,040120	0,04036	0,040540
Aust. sch.	5,6230	5,6570	5,6790
Port. escudo	0,3863	0,3887	0,3901
Spá. peseti	0,4663	0,4691	0,4712
Jap. yen	0,559900	0,56330	0,575700
Írskt pund	99,340	99,960	99,000
SDR	96,380000	96,96000	97,600000
ECU	78,5700	79,0500	78,9600

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270

Selma og Sindri eignast son

Litli drengurinn, sem hvílir í fangi móður sinnar, fæddist 8. mars kl. 8.19 í Vestmannaeyjum. Hann var við fæðingu 4398 grömm að þyngd og 54 sentímetra langur. For-eldrar hans eru Selma Ragnarsdóttir og Sindri Óskarsson og er hann fyrsta barn þeirra.

Barn dagsins

